



Verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja til meistaranema

1. Inngangur

Stjórn Bygðastofnunar ákvað á fundi sínum þann 13. mars 2015 að veita árið 2015 allt að 1.000.000 kr. til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðamála. Styrkirnir koma af fjárveitingu byggðaáætlunar 2014-2017 og skulu verkefni sem sótt er um styrk til hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar.

2. Umsóknir

Umsóknum skal skilað til Bygðastofnunar á þar til gerðum rafrænum eyðublöðum. Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og hvernig það styður við byggðaáætlun.

Bygðastofnun er heimilt að kalla eftir nánari upplýsingum og gögnum frá umsækjendum eftir því sem þurfa þykir. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að hafna öllum umsóknum sem ekki hafa skírskotun til byggðaáætlunar eða uppfylla að öðru leyti ekki þær kröfur sem gerðar eru til verkefna.

Umsækjendur skulu leggja stund á meistaranám við viðurkenndan háskóla. Umsóknum skal skila á íslensku nema um annað sé samið við umsjónarmenn sjóðsins.

3. Mat á umsóknum

Stjórn Bygðarannsóknasjóðs mun raða umsóknum í forgangsörð og leggja fyrir stjórn Bygðastofnunar sem tekur ákvörðum um styrkveitingu.

Við mat á umsóknum er litið til tengsla við byggðaáætlun 2014-2017, nýnæmi verkefnis og hvort að til staðar séu möguleikar á hagnýtingu þess, sem og gæði umsókna og hæfni umsækjenda.

Umsækjendur fá sendan tölvupóst þar sem greint er frá niðurstöðu úthlutunar og tilkynnt er um úthlutun á vef Bygðastofnunar.

4. Greiðsla styrkja

Stefnt er að því að veita fjóra styrki. Bygðastofnun gerir skriflegan samning við hvern styrkþega. Helmingur styrksins verður greiddur út við undirritun samnings og helmingur þegar verkefni er lokið og Bygðastofnun hefur fengið eintak af því.

Áður en styrkur er greiddur út þurfa styrkþegar að leggja fram staðfestingu leiðbeinenda síns á verkefninu og að vinna við það sé hafin. Verkefnum skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en sumarið 2016. Nýti styrkþegi úthlutaðan styrk ekki innan árs frá úthlutun, fellur styrkurinn niður.